

Ungmennafélag Íslands

Umhverfissjóður UMFÍ

Sjóðurinn heitir Umhverfissjóður UMFÍ, Minningarsjóður Pálma Gíslasonar sem var formaður UMFÍ á árunum 1979 - 1993.

1. grein

Sjóðurinn heitir „Umhverfissjóður UMFÍ – Minningarsjóður Pálma Gíslasonar“ en Pálmi var formaður UMFÍ 1979–1993.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík. Sjóðurinn er vistaður hjá Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ), Sigtúni 42, 105 Reykjavík. UMFÍ sér um að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan hátt.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga eða einstaklinga innan ungmennafélagshreyfingarinnar.

Horfa skal til verkefna er tengjast yngra fólki og verkefna sem stuðla að auknum tengslum við náttúru landsins. Líta ber til misjafns aðgengis félaga að fjármagni til verkefna og að mótframlagi félaga heima í héraði til verkefna, auk nýjunga í umhverfisverndun og nýtingu.

3. grein

Stofnendur sjóðsins eru fjölskylda Pálma Gíslasonar, ungmennafélagshreyfingin og aðrir velunnarar.

4. grein

Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ og þremur fulltrúum skipuðum af stjórn UMFÍ, þar af að minnsta kosti einum frá Umhverfisnefnd.

5. grein

Úthlutunarreglur:

Umsóknir skulu berast á umsóknarblöðum sem finnast á heimasíðu UMFÍ og skilast til þjónustumiðstöðvar UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík.

Umsóknir skulu berast fyrir til og með 15. apríl ár hvert. Tilkynnt skal um styrkveitingar fyrir 15. maí sama ár.

Skilyrði þess að geta fengið styrk úr sjóðnum er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og að verkefnið sé umhverfisverkefni. Auglýst skal eftir styrkþegum á heimasíðu UMFÍ, Skinfxa og öðrum málgögnum UMFÍ. Ekki skal úthlutað meiru en sem nemur 90% af árlegri ávöxtun sjóðsins.

6. grein

Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Styrkir eru einungis greiddir út til félaga innan UMFÍ, ekki til einstaklinga. Hafi styrkur ekki verið sóttur 12 mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.

Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til sjóðsstjórnar um nýtingu styrksins, fyrirkomulag og árangur, fyrir lokagreiðslu, sem ekki sé meiri en 30% af styrknum.

7. grein

Sjóðsstjórn skal skila árlega skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Skýrsluna skal birta í ársskýrslu UMFÍ.

8. grein

Skoðunarmenn UMFÍ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

9. grein

Höfuðstóll sjóðsins skal eigi vera lægri en 5.000.000 kr. og vera tengdur vísitölu neysluverðs í október 2015. Sjóðnum skulu tryggðar að lágmarki 600.000 kr. árlega sem greiddar verði af UMFÍ. Framlag UMFÍ er ákveðið af stjórn ár hvert.

10. grein

Reglugerð þessi tekur þegar gildi. Breytingar á reglugerðinni þurfa að hljóta samþykki einfalds meirihluta á sambandsþingi UMFÍ.

Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.